

Gjöld.

99

1. Sýslugjöld	kr. 1741,50
2. Vegabótagjald	— 611,99
3. Eptirstöðvar til næsta árs:	
a. Niðurjöfnunargjald í vörzlum oddvita	kr. 118,42
b. Sýsluvegagjald:	
1. í vörzlum oddvita	kr. 2274,79
2. í sparisjóði á Ísafirði	— 1190,65 — 3465,44 — 3583,86
	Gjöld alls kr. 5937,35

VII. Strandasýsla:

Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá f. á.	kr. 549,55
2. Niðurjöfnunargjald	— 367,56
3. Vegagjald: 306 kr. 57 a. + vegaskuld 134 kr. 18 a.	— 440,75
	Kr. 1357,86

Gjöld:

1. Sýslugjöld	kr. 383 »
2. Vegabótakostnaður	— 724,25
3. Eptirstöðvar til næsta árs:	
a. Niðurjöfnunargjald	kr. 244,83
b. Vegagjald	— 5,78 — 250,61
	Kr. 1357,86

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 1. ágúst 1893.

Kristján Jónsson

settur.

Skýrsla

100

um aðalfund amtsráðsins í Austuramtinu 22.—23. ágúst 1893.

Ár 1893, þriðjudaginn 22. ágúst, var aðalfundur amtsráðsins í Austuramtinu settur og haldinn af forseta amtsráðsins, amtmanni J. Havsteen, og amtsráðsmönnunum Sigurði Einarssyni á Hafursá og Jakobi Gunnlögssyni á Raufarhöfn, en úr Norður-Múlasýslu var enginn amtsráðsmaður kominn, þar sem síra Einar Jónsson á Kirkjubæ var á alþingi, en nýdáinn var varaamtsráðsmaður Þorvarður læknir Kerulf, sem kosinn hafði verið í stað Halldórs verzlunarstjóra Gunnlögssonar, er hafði flutt sig úr amtinu á síðastliðnum vetri.

Forseti skýrði frá því, að varaamtsráðsmaðurinn í Norður-Þingeyjar-sýslu, Árni Árnason á Höskuldarnesi, væri fluttur til Vesturheims, en amtsráðsmaðurinn í nefndri sýslu, Jakob Gunnlögsson, lýsti því yfir, að hann flytti sig nú á komanda hausti til Kaupmannahafnar, og gæti því eigi verið amtsráðs-

100 maður. Með svofelldu móti verður að kjósa aptur í amtsráðið úr Norður-Þingeyjarsýslu og varaamtsráðsmann úr Norður-Múlasýslu.

Á fundinum komu til umræðu þessi mál:

1. Framlagður var reikningur yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins fyrir 1892, með fylgiskjöllum. Amtsráðsmennirnir rannsökuðu þenna reikning og gátu ekkert að honum fundið, og var hann því samþykktur.
2. Framlagðir voru til rannsóknar eptirfylgjandi reikningar yfir tekjur og gjöld ýmsra sjóða fyrir 1892:
 - a. Búnaðarsjóðs Austuramtsins;
 - b. Búnaðarskólasjóðsins, sem nú tilheyrir Norður-Þingeyjarsýslu;
 - c. Gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar til fátækra í Vopnafirði eða Hofssókn, og
 - d. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar til fátækra í Vallanessókn. Reikningar þessir voru rannsakaðir og að þeim ekkert fundið; voru reikningarnir því samþykktir.
3. Framlagður var reikningur yfir tekjur og gjöld bókasafns Austuramtsins 1892, sem formaður stjórnarnefndar safnsins og gjaldkeri, síra Einar Jónsson á Kirkjubæ, hafði samið; var ekkert að honum fundið og hann því samþykktur. Enn fremur var framlögð prentuð skýrsla um bókasafnið og skrá yfir bækur þess. Amtsráðið samþykkti þær reglur, sem forstöðunefndin hafði sett um notkun safnsins.

Út af erindi frá stjórnarnefndinni 2. júní þ. á., þar sem hún fer þess á leit, að laun bókavardar sjeu hækkuð upp í 50 kr., ályktaði amtsráðið, að veita þessa launahækkun frá 1. jan. 1893.

Amtsráðið ályktaði enn fremur, að veita til bókasafnsins 200 kr. styrk úr amtssjóði fyrir yfirstandandi ár.

4. Þá var framlögð skýrsla síra Odds V. Gíslasonar á Stað í Grindavík um bjargráðaferðir hans um Norður- og Austurland 1892 og bænarskrá um 200 kr. styrk af jafnaðarsjóði Austuramtsins til þess að framhalda þessum ferðum á yfirstandandi sumri. Amtsráðið ályktaði, að veita honum svo sem viðurkenningu fyrir áhuga hans í þessu efni 50 kr. úr amtssjóði.
5. Austuramtíð veitti kvennaskólanum á Laugalandi 50 kr. styrk úr jafnaðarsjóði, og var jafnframt framlögð skýrsla um framkvæmdir skólans 1892—93.
6. Austuramtíð veitti kvennaskólanum á Ytri-Ey 50 kr. styrk úr jafnaðarsjóði með því skilyrði, að forseta væri send skýrsla um framkvæmdir skólans 1892—93.
7. Amtsráðið tók til umræðu brjef frá Búnaðarfjelagi Suðuramtsins 12. apríl þ. á., þar sem skýrt er frá því, að fyrirhugað sje, að gjöra þá breytingu á nefndu fjelagi, að það verði búnaðarfjlag fyrir allt landið, og er því skorað á amtsráðið, að leggja til 200 kr. árlega og eiga þátt í sjóði búnaðarfjlags Suðuramtsins, en forseti gat þess, að það hefði orðið ofan á í amtsráði Norðuramtsins, að hafna þessu tilboði, að minnsta kosti að svo stöddu, vegna þeirra miklu útgjalda, sem hvíldu á jafnaðarsjóðnum, og

vegna þess, að það virtist því nær ómögulegt, að koma því fyrirkomulagi á, að Norduramtíð gæti átt verulegan þátt í framkvæmdum fjelagsins, sökum samgönguleysis og fjarlægðar, svo sem t. d. láta sinn mann, sem í stjórnarnefndinni væri, sækja vetrarfundina í febrúar. Amtsráðið varð að vera á sömu skoðun um þettu mál sem amtsráðið í Norduramtinu, og ályktaði að hafna, að svo stöddu, framangreindu tilboði um að öðlast þátt í Búnaðarfjelagi Suðuramtsins. 100

8. Amtsráðið veitti samþykki sitt til, að sýslufjelög Múlasýslanna keyptu 4 hndr. forn úr Hólsbjáleigu í Hjaltastadahreppi fyrir 400 kr., en sýslufjelögin eiga þegar Hól.
9. Framlagt var erindi hreppsnefndarinnar í Mjóafjarðarhrepp 6. okt. f. á., þar sem hún áfrýjar til amtsins eða amtsráðsins úrskurði sýslunefndarinnar í Suður-Múlasýslu á fundi hennar 30.—31. marz f. á., sem ákveður, að 6 kr., sem hreppsnefndin hafði borgað fyrir sendimann með reikning hreppsins á Eskifjörð, skyldi endurgjaldast sveitarsjóðnum. Amtsráðið ályktaði, að fela forseta sínum að úrskurða þetta mál, þegar heimtað álit væri komið frá sýslumanninum í Suður-Múlasýslu.
10. Amtsráðið ræddi þá frumvarp til reglugjörðar um fjallskil og refaveiðar í Nordur-Múlasýslu, sem forseti lagði nú fram, þótt ráðið hefði falið honum á fundi sínum 4.—6. júlí f. á. (Stjórnartíðindi 1892. B. bls. 189) að staðfesta þetta frumvarp eða synja um staðfestingu, eptir því sem við ætti, en út af einni ritvillu í 11. gr. frumvarpsins höfðu orðið nokkrar brjefaskriptir, svo frumvarpið lá eigi fyrir fullbúið fyr en nú. Amtsráðið staðfesti frumvarpið til þess að það öðladist gildi 1. jan. 1894.
11. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, 26. sept. f. á., þar sem innfærð er sú ályktun sýslunefndarinnar á fundi hennar 16. s. m., að amtsráðið eða forseti þess láti prenta sem viðaukagrein við reglugjörð Suður-Múlasýslu um refaveiðar o. fl. í B.-deild Stjórnartíðindanna viðbót þá, sem rætt sje um í brjefi amtsins, dags. 26. júlí f. á., en sem amtsráðið felldi í burtu. Sýslumaðurinn hafði sem sje á sínum tíma tekið það ráð upp, að bæta 2 eða 3 línur aptan við 7. gr. frumvarps þess til reglugjörðar fyrir Suður-Múlasýslu um refaveiðar og notkun afrjetta, fjallskil m. fl., sem amtsráðið staðfesti á fundi sínum 4.—6. júlí f. á., en amtsráðið hafði, eins og við var að búast, fellt þessa heimildarlausu viðbót úr. Nú lá engin upplýsing fyrir önnur um innihald þessarar viðbótar, en sú, sem innifelst í fyrnefndu brjefi sýslumannsins, dags. 27. sept. f. á., sem sje, að viðbótin hafi verið um það, að auðkenna þá staði, sem greni vinnast á, en það liggur í augum uppi, að sýslunefndin hefði átt að tiltaka orðin sjálf eða sýslumaðurinn að leggja þau fyrir sýslunefndina; að öllum líkindum er viðbót sýslunefndarinnar hvergi til nú, því frumvarpið, þar sem hún var tilfærð, var sent suður í fyrra til prentunar í Stjórnartíðindunum. Amtsráðið gat þess vegna ekki átt við þetta málefni þannig undirbúið.

- 100 12. Forseti skýrði frá, að hann eigi hefði enn þá meðtekið skýrslu frá sýslumanninum í Norður-Múlasýslu um, hvað liði vegabótum þeim á Möðrudalsheiði, sem landshöfðingi hefði endurveitt 150 kr. til í fyrra, ef verkamenn fengjust með viðunanlegum kjörum, og hefði forseti minnt sýslumann á þetta mál með brjefi, dags. 17. júlí þ. á.
13. Forseti skýrði frá, hvernig þeim helmingi sýsluvegagjaldsins úr Suður-Múlasýslu, sem ganga skyldi til aðalpóstleiðarinnar, hefði verið varið á árinu 1892, sem sje til vegarins á Hálsströnd og vegarins um Vallahrepp, og hvernig verja skyldi á yfirstandandi ári eptirstöðvunum af þessu gjaldi og sýsluvegagjaldinu 1893, samkvæmt brjefi landshöfðingja 3. júní 1893.
14. Forseti skýrði frá því, að landshöfðingi hefði með brjefi, dags. 29. nóv. f. á., sem var fram lagt, veitt allt að því 5000 kr. til þess að gjöra veginn yfir Fjarðarheiði svo færan sem unnt væri.
15. Forseti framlagði brjef sýslumannsins í Norður-Múlasýslu 28. júní þ. á., og þar með ágripsendurrit úr gjörðabók sýslunefndarinnar viðvikjandi fundarhaldi 5. júní þ. á., þar sem þess er farið á leit, að aðalpóstvegurinn frá Skjöldólfsstöðum upp á Möðrudalsfjöll eða Möðrudalsheiði utan til eða norðan til við Gilsá á Jökuldal, verði breytt þannig, að vegurinn sje lagður upp með Gilsá að sunnanverðu, en hjer af leiðir, að eigi verður komizt hjá því að brúa ána, sem ávallt er óreið, og sem rennur í Jökulsá.

Amtsráðið var því mjög meðmælt, og álitur það mjög nauðsynlegt, að leggja veginn upp með Gilsá sunnanverðri, því landslagi háttar svo til hinumegin við ána, að þar er því nær, ef ekki alveg, ómögulegt, að leggja veg, vegna sífeldra jarðfalla og breytinga á jarðaryfirbörðinu. Hjá þessari sannkölluðu torfæru komast menn, ef farið er yfir Gilsá þegar, þá er komið er upp fyrir Skjöldólfsstaði, því þeim megin við ána, það er að segja sunnan til við hana, eru melar og hægt að búa til veg. Það sem liggur fyrst fyrir hjer, er að brúa Gilsá, og þarf alls eigi að fá breytingu gjörða á úrskurði landshöfðingja 8. maí 1890, B. 3. (Stj.tíð. B. 1890, bls. 74—75), þar sem svo stendur, að aðalpóstleiðin skuli liggja yfir Möðrudalsheiði að Skjöldólfsstöðum, og svo er í rauninni enginn vegur til fyrir norðan Gilsá, þótt svo eigi að heita. Amtsráðið ályktaði því, að bera þetta mál upp fyrir landshöfðingja, og mælast til þess, að hann gjörði ráðstöfun til, að kunnugur maður, sem vit hefði á brúargjörð, skoðaði brúarstæði og segði til, hvað brúin mundi kosta og flutningur á brúarefni frá sjó.

Forseti gat þess, að hann vissi til, að bankastjóri Tryggvi Gunnarsson í Reykjavík hefði athugað brúarstæði á Gilsá í Jökuldal, og myndi, ef til vill, geta gjört áætlun um kostnaðinn.

(Framh.).

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Austuramtinu 22.—23. ágúst 1893. (Framh.).

16. Amtsráðið samþykkti, að sýslufjelag Norður-Múlasýslu eða sýslumaðurinn mætti taka 4000 kr. lán úr landssjóði með svo vægum kjörum, sem unnt væri, til þess að brúa Fjarðará, þannig, að sýslunefndin hefði aptur aðgang að hreppsnefndinni í Seyðisfjarðarhrepp með $\frac{2}{3}$ af endurborgun og vaxtagreiðslu, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 4.—6. júlí f. á. (Stj.tíð. 1892, B. bls. 185), því á annan hátt er ekki hægt að fá þetta landssjóðslán.

17. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, dagsett 28. júní þ. á., til amtsins, þar sem hann með tilvitnun til meðfylgjandi ágripsendurrits úr gjörðabók sameinaðs fundarhalds beggja sýslunefndanna í Múlasýslum, 5. júní þ. á., leitar fylgis amtsins og beztu meðmæla til þess, að það fái framgang, að sigling komist á um Lagarfljótsós, en sýslunefndarályktunin fer fram á það, að skora á alþingi, að veita riflegan styrk til gufubátsferða á Austfjörðum með sjerstöku tilliti til Lagarfljótsóssins.

Forseti gat þess, að brjef sýslumannsins hefði komið of seint til sín, sem sje 30. júní þ. á., til þess að hann hefði getað skrifað landshöfðingja um þetta mál, og að hann hefði atráðið, að leggja það fyrir amtsráðið, ef það vildi láta uppi nokkra yfirlýsingu, sem gæti styrkt málið til frambúðar. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, 30. nóvember 1892, þar sem hann, út af beiðni frá sýslumanninum í Norður-Múlasýslu um styrk af landssjóði til þess að koma á siglingu um Lagarfljótsós á sumrinu 1893, tilkynnir amtinu, að ekkert fje væri veitt í fjárlögunum fyrir 1892—93, er slíkur styrkur gæti orðið af tekinn, en fjárveiting sú í 12 gr. C. e. fjárlaganna, er sýslumaðurinn hefði vitnað til, væri bundin við gufubátsferðir á Austfjörðum, sbr. það sem amtsráðið hefir einnig tekið fram á fundi sínum 4.—6. júlí f. á. (sbr. Stj.tíð. 1892 B. bls. 185—186).

Amtsráðið, sem er því hlynnt mjög, að sigling um Lagarfljótsós komist á, lýsti því yfir, að það gæti eigi styrkt málið nú með meðmælum til þingsins, sem þegar væri á enda, en skyldi ekki láta sitt fylgi eptir liggja, þegar til kæmi.

18. Þá var tekið til umræðu frumvarp til reglugjörðar fyrir Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár um fjallskil og eyðing refa, og voru þannig sameinuð í þetta frumvarp bæði frumvörpin frá því í fyrra, sem amtsráðið hafði synjað um að staðfesta, sem sje frumvarp um fjallskil og annað um eyðing refa.

Amtsráðið athugaði, að sýslunefndin að eins að nokkru leyti hefði tekið til greina athugasemdir þess við frumvarpið frá í fyrra um fjallskil, og það um mjög mikilsvarðandi atriði, því breytingar þær, sem nú voru gjörðar á 8., 12. og 43. gr. (sem í nýja frumvarpinu er orðin 54. gr.) eru að eins orðabreytingar, og allar miða greinarnar til þess, að fá hreppsnefndum og

16. dag desembermán. 1893.

jafnvel hreppsþúum sjálfum vald í hendur, sem þeim eigi ber samkvæmt lögum, og sem að því leyti, er hreppsþúa snertir eða þær ákvarðanir, sem þeir gjöra, eru alveg óhafandi, og til þess að innleiða eptirlitslausa meiri hluta harðstjórn. Í 8. gr. er þannig sagt, að hreppsnefndirnar gangist fyrir því, að gjörð sje almenn ákvörðun um það, að sleppa lömbum í heimalönd, en rjett hefði verið að haga orðum á þá leið, að hreppsnefndir, eptir að hafa leitað álits hreppsþúa, segðu fyrir um það á hverju vori, hvernig skyldi fara að í þessu tilliti. Í 12. gr. 2. staflíð er að eins orðinu »sveitar-samþykkt« sleppt. en sett í staðinn »þessu«, sem sje því, sem sagt er í 1. staflíð, þar sem einmitt er fyrir skipað, að bera spursmál um fjölgun fjárrjetta og færzlu þeirra undir atkvæði hreppsþúa. 54. gr. í nýja frumvarpinu er að efninu til hin sama sem 43. gr. í frumvarpinu frá í fyrra, og er helzta orðabreytingin fólgin í óþarfri tilvitnun til 17. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar; í 54. gr. eru hin sömu ákvæði, sem voru í 43. gr. um, að hreppsþændur gætu búið til svo sem aukafjallskilareglugjörðir og aukareglugjörðir um eyðing refa. Amtsráðið verður enn sem áður að taka það fram, að samþykktir hreppsþænda sje að skoða sem samninga, sem aðeins sjeu bindandi fyrir þá, sem tekið hafa þátt í þeim, en það er beinlínis tekið fram í niðurlagi greinarinnar, að þessar svo nefndu sveitareglur sjeu gildandi, þegar meiri hlutinn hafi undirskrifað þær á sveitafundi.

Í annan stað er svo ákveðið í 41. gr., að með brot gegn reglugjörð þessari skuli fara sem almenn lögreglumál, en þessi sama ákvörðun kemur aptur fram orðrjett í 53. gr. Þetta eru svo mikil lýti á frumvarpinu, að amtsráðið þegar af þeirri ástæðu eigi getur staðfest það, þótt hitt ekki væri, sem tekið er fram að ofan.

Amtsráðið sjer sjer þannig því miður eigi fært, að staðfesta frumvarpið, en vill skora á sýslunefndina, að taka þetta mál fyrir aptur. Þá kemur enn til athugunar eitt atriði, sem amtsráðið vill biðja hvern sýslunefndarmann að ihuga nákvæmlega, sem sje það, hvort ekki sje rjett, að setja þau fyrirmæli í reglugjörðina, að göngur skuli byrja sama dag í öllu fjallskilafjelaginu (Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár), sbr. aptur á móti það sem ákveðið er í 19. gr. í upphafinu.

19. Forseti lagði fram erindi nokkurt frá verzlunarstjóra Örum & Wulffs á Vopnafirði, 15. þ. m., er amtsráðinu hafði borizt rjett fyrir fundarbyrjun, og þar sem hann ber sig upp undan því, að sýslunefndin í Norður-Múla-sýslu hefði, að því er honum virtist að ástæðulausu, hækkað útsvar nefndrar verzlunar, en lækkað útsvar tveggja manna, sem árangurslaust hefðu kært útsvör sín fyrir hreppsnefnd.

Með því næg skilríki voru ekki fyrir hendi til þess amtsráðið gæti dæmt um það, hvort sýslunefndin, sem hefir endilegt úrskurðarvald í útsvarsmálum, hjer hefði misbeitt valdi sínu, var forseta falið að leita álits og nauðsynlegra skýrslna sýslunefndar og hreppsnefndarinnar í

Vopnafríði um þetta mál, svo það yrði tekið fyrir á næsta amtsráðsfundi.

100

20. Var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins 1894.

Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar frá 1893	kr. 800,00
2. Jafnaðarsjóðsgjald	— 2000,00
	kr. 2800,00

Gjöld:

1. Amtsráðið	kr. 600,00
2. Sáttamál	— 20,00
3. Heilbrigðismál	— 350,00
4. Menntamál:	
a. Kvennaskólinn á Laugalandi	50,00
b. — á Ytri-ey	50,00
c. Bókasafn austur-amtsins	— 200,00
	— 300,00
5. Heyrnar- og málleysingar	— 400,00
6. 7. afborgun upp í og vaxtagreiðsla af láni til Skjálfandafljótsbrúarinnar	— 81,48
7. Kostnaður við notkun fangahússins á Eski-firði	— 50,00
8. Óviss útgjöld	— 198,52
9. Eptirstöðvar	— 800,00
	kr. 2800,00

21. Forseti skýrði frá því, að hann eptir áskorun frá amtsráðunum í suður- og vesturömtunum hefði með skírskotun til brjefs landshöfðingja 9. desember 1884 (Stjórnartíðindi 1884 B. bls. 187) í fyrra sumar lagt lögreglustjórum í norður- og austuramtinu fyrir, að kveða hæfilega marga menn til þess að skoða allt það sauðfje, sem ætlað væri til útflutnings á hverjum útflutningsstað, áður en fjeð væri flutt á skip, og um leið látið í ljósi, að skoðunar mönnum yrði greidd hæfileg daglaun úr jafnaðarsjóðum amtanna; aptur á móti hefði forseti eigi fundið næga ástæðu til, að fyrirskipa almennar fjárskóðanir samkvæmt tilskipun 5. janúar 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, en hefði látið sjer nægja, að brýna fyrir lög-reglustjórum fyrir mæli lagaboðs þessa. Kostnaðurinn við þessar sjerstöku fjárskóðanir á útflutningsfje hefði hlaupið 67 krónur í norðuramtinu; þessi upphæð hefði verið útborguð á árinu sem leið, og hafði amtsráðið í norðuramtinu staðfest þessa útborgun með því að samþykkja reikninginn yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir 1892.

Hinn samsvarandi kostnaður í austuramtinu hafði hlaupið 15 kr., sem eigi höfðu verið útborgaðar fyrr en á þessu yfirstandandi ári. Forseti leit- aði því nú þegar samþykkis til þessarar ráðstöfunar, og gat þess um leið, að samskonar ráðstafanir mundu verða gerðar á því hausti, sem í hönd færi. Amtsráðið samþykkti þetta.

100 22. Með því vænta má, að með tímanum verði fleiri heyrnar- og málleysingjar á vegum austuramtsins, en nú eru, og að þeim þá verði komið til kennslu hjá síra Ólafi Helgasyni á Stokkseyri, lagði forseti fram brjef prestsins, 21. apríl þ. á., til amtráðsins í norður-amtinu, þar sem hann óskar eptir því, ag sjer verði goldnar með hverjum nemenda, sem hjá sjer sje, 365 krónur á ári, auk borgunar fyrir fatnað eptir reikningi eða í tiltekinni upphæð árlega. Jafnframt skýrði forseti frá því, að amtsráðið í norður-amtinu hefði ályktað á fundi sínum 14.—16. júní þ. á., að það vildi veita síra Ólafi Helgasyni 360 krónur árlega alls fyrir hvern nemanda, þannig, að fyrir þessa upphæð komi kennsla, hýsing, fæði, þjónusta og fatnaður og mundi tillagið goldið með 90 kr. fyrir hvern ársfjórðung eptir á.

Amtsráðið ályktaði, að það skyldi borga 330 krónur árlega alls fyrir hvern nemanda, þannig, að fyrir þessa upphæð kæmi það sem að ofan er talið.

23. Að því leyti er snertir hluttekning Norður-Þingeyjarsýslu í búnaðarskólahaldinu á Eyðum, skírskotaði forseti til þess, sem gjörzt hafði á fundi amtsráðsins 4.—6. júlí f. á. (sbr. Stjórnartíðindin 1892, B, bls. 184—185), og lagði fram brjef sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, 22. september f. á., en eptir því hefir sýslunefndin þar, sem spursmál þetta aptur hafði verið lagt fyrir, samþykkt, að taka Norður-Þingeyjarsýslu í fjelag Múlasýslanna um skólahaldið með þeim skilmálum, að Norður-Þingeyjarsýsla leggi að eins fram sinn hluta úr búnaðarskólasjóðnum og hið árlega búnaðarskólagjald sýslunnar, gegn því, að eiga tiltölulegan þátt í skólaeigninni, en vera laus við að greiða neitt til skólans aukreitis. Þetta kemur nú heim við ályktun amtsráðsins og sýslunefndarinnar í Norður-Múlasýslu, enda hefur amtsráðið í Norður-amtinu enn á fundi sínum 14.—16. júní þ. á. lagt það til, að landshöfðingja mætti þóknast að skipa svo fyrir, að Norður-Þingeyjarsýsla skyldi taka þátt í búnaðarskólahaldinu á Eiðum með þeim skilmálum, sem áður voru nefndir.

Amtsráðið var nú enn á sömu skoðun sem áður um þetta mál, og ályktaði að mælast til þess við landshöfðingja, að hann samkvæmt brjefi sínu, dags. 21. ágúst 1890, vildi skipa svo fyrir, að Norður-Þingeyjarsýsla skyldi taka þátt í búnaðarskólanum á Eiðum með þeim skilmálum, sem áður eru nefndir, og skyldi, hvað annars leiðir af sjálfu sjer, hinn tiltölulegi hluti sýslanna í skólaeigninni reiknast eptir tillögum sýslufjelaganna til skólans frá upphafi.

Forseti skýrði frá því, að búnaðarskólasjóður Norður-Þingeyjarsýslu hefði átt í sjóði við árslok 1892, eins og hinn áður framlagði reikningur bæri með sjer, í veðskuldabryfum 1600 kr. og í peningum 1 kr. 43 aur., samtals 1601 kr. 43 a.; hið árlega búnaðarskólagjald sýslunnar nemur 56 kr. 54 a. Forseti gat þess, að hann byggist við, að geta verið búinn að heimta skuldir við sjóðinn svo fljótt, að hann gæti borgað hann út á næsta sumri.

Sýslunefndirnar í Múlasýslunum hafa enn á sameiginlegum fundi sínum **100** 5. júní þ. á., lýst því yfir með öllum atkvæðum, að þær vildu eigi, að Eiðaskólinn legðist niður, eða, með öðrum orðum, sameinadist við einn eða tvo búnaðarskóla fyrir allt landið, og gat forseti þess, að hann með brjefi, dags. 6. júní þ. á., hefði nú afgreitt til landshöfðingja hin vantandi álit sýslunefndanna í Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu og í Suður-Múlasýslu um sameining hinna núverandi búnaðarskóla hjer á landi, sem amtsráðið hafði látið uppi álit sitt um í fyrra. Sýslunefndin í Suður-Múlasýslu vill eigi, að tækkað sje að svo stöddu þeim búnaðarskólum, sem nú eru, en sýslunefndirnar í Þingeyjarsýslunum eru á því, að einn allsherjar búnaðarskóli eða búnaðarháskóli sje stofnaður fyrir allt landið; svo jafnhliða minni skólar eða fyrirmyndarþú í hinum einstöku hjeruðum landsins.

Þegar nú Norður-Þingeyjarsýsla væri komin í samband við Múlasýslurnar um skólann á Eiðum, yrði nauðsyn á því, að breyta hinni nügildandi reglugjörð skólans að því leyti, er snertir stjórn hans eða myndun skólastjórnarinnar og ýmislegt annað.

Amtsráðið ályktaði, að fela forseta sínum að hreyfa þessu máli við sýslunefndirnar í Múlasýslunum, sem sje skora á þær, að semja frumvarp til nýrrar reglugjörðar með nauðsynlegum afbrigðum frá hinni nügildandi skólareglugjörð og benda um leið á, hverjar þær breytingar helzt sjeu.

24. Amtsráðið samþykkti fyrir sitt leyti þá tillögu sýslunefndanna í Múlasýslunum, að 17. gr. reglugjörðar Eiðaskólans yrði breytt á þá leið, að orðið »fæðis« bætist inn í greinina á eptir orðinu »húsnæðis«, en þetta atriði þarf að bera undir landshöfðingja. Forseti lagði fram endurrit af gjörðabók sýslunefndanna í Múlasýslunum frá sameiginlegum fundi þeirra 5. júní þ. á.
25. Forseti skýrði frá því, að úrskurði amtsráðsins á reikningum búnaðarskólans á Eiðum fyrir 1890—91 væri eigi fullnægt, og að hann hefði minnt sýslumanninn í Norður-Múlasýslu á þetta.
26. Amtsráðið yfir fór reikninga búnaðarskólans á Eiðum fyrir 1892—93 og úrskurðaði þá.
27. Samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 4.—6. júlí f. á. (sbr. Stjórnartíðindi 1892, B. bls. 183) hafði forseti í brjefi, dags. 23. júlí f. á., lagt sýslumanninum í Suður-Múlasýslu fyrir, að láta frá sjer eptirleiðis til gjaldkera skólans hið árlega tilfallandi búnaðarskólagjald jafnóðum og það til fjelli, en ekki láta það standa inni í sýslusjóðnum, og í annan stað gjöra upp viðskipti sýslusjóða Múlasýslnanna út af Eiðaskólanum við sýslumanninn í Norður-Múlasýslu og borga út það, sem til kynni að vanta af hálfu Suður-Múlasýslu.

Forseti lagði fram sýslusjóðsreikning Suður-Múlasýslu fyrir árið 1892, sem sýndi, að búnaðarskólagjöldin fyrir 1888, 1890, 1891 og 1892 eru færð til útgjalda, en að því leyti, er snertir viðskipti sýslusjóða Múlasýslnanna við Eiðaskólann, skýrði forseti frá, að hann hefði meðtekið brjef frá sýslu-

manni Suður-Múlasýslu, dags. 17. ágúst f. á., eitthvað viðvikjandi þessu máli, en þetta brjef hafði forseti sent sýslumanninum í Norður-Múlasýslu með brjefi, dags. 9. sept. f. á., og lagt þeim sýslumönnunum fyrir, að gjöra upp reikninga beggja sýslanna við skólann svo tímanlega, að gjaldkeri skólans (sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu) gæti sent til amtsráðsins fullkomna skýrslu fyrir lok maí þ. á. Skýrsla þessi var nú eigi komin, en af skýrslu um sameiginlegt fundarhald sýslunefndanna 5. júní þ. á. mátti sjá, að yfirlit yfir viðskipti sýslufjelaganna út af búnaðarskólahaldinu á Eiðum frá báðum sýslumönnunum hafði verið framlagt og þriggja manna nefnd kosin til að rannsaka þetta yfirlit.

28. Hlutkesti um það, hverjir ganga skyldu úr amtsráðinu frá 1. jan. 1895 fram fór, og áttu samkvæmt hlutkestinu að fara frá amtsráðsmennirnir og varaamtsráðsmennirnir úr Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu.
29. Framlögð voru eptirnefnd eptirrit af gjörðabókum sýslunefnda, sem voru yfir farin:

- a. Frá Norður-Þingeyjarsýslu fundargjörðir frá 10. septbr. 1892 og 25.—28. apríl þ. á.

Amtsráðið atugaði að niðurjöfnunin 537 kr. 34 a. færi fram yfir það, sem jafna hefði mátt niður samkvæmt 43. gr. (sbr. 26. gr.) sveitarstjórnartilskipunarinnar, sem sje 494 kr. 16 a., og hefði sýslunefndin átt að leita samþykkis amtsráðsins til þessa. Amtsráðið vildi samt láta þetta gott heita í þetta skipti, en brýndi um leið fyrir sýslunefndinni, að gæta þess eptirleiðis, að leita slíks samþykkis og færa ástæður fyrir því, hvers vegna hækkunin væri nauðsynleg.

Að því leyti, sem sýslunefndin hafði lýst því yfir, að það skyldi mest vera komið undir vilja aukalæknisins í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá, hvort hann vildi heldur sitja kyr þar sem hann nú væri, eða flytja vestur yfir Axarfjardarheiði, vildi amtsráðið leiða athygli sýslunefndarinnar að því, að það væri landshöfðingi, sem ákvarðar, hvar íslenzkir embættismenn skyldu vera búsettir, að svo miklu leyti, sem bústaður þeirra eigi væri fast ákveðinn (sbr. auglýsingu 22. febr. 1875, um verksvið landshöfðingjans yfir Íslandi).

- b. Frá Norður-Múlasýslu fundargjörðir frá 24. apríl og 5. júní þ. á.

Amtsráðið var sýslunefndinni alveg samdóma um, að mesta nauðsyn væri á því, að gjöra að brúnni yfir Jökulsá á Jökuldal, sem nú væri 10 ára gömul, sem sje mála hana og bæta pallinn á brúnni, enda gat forseti þess, að ferðamenn hefðu skýrt sjer frá því, að brúin þyrfti eptirlits og aðgjörðar við. Amtsráðið fól forseta að útvega samþykki landshöfðingja til þessarar aðgjörðar og það fje úr landssjóði sem með þyrfti til þess, eptir sanngjörnum reikningi.

Að því leyti, sem hreppsnefndin í Jökuldalshreppi hefur fengið leyfi sýslunefndarinnar á fundinum 24. apríl þ. á. til þess, að verja hreppavegasjóði hreppsins til þess að bæta samgöngur í hreppnum án tillits

til hins ákveðna hreppavegs, skoraði amtsráðið á sýslumann, að láta 100 forseta í tje skýrslu um, til hvers hreppavegagjaldið, sem á að ganga til hreppavega og brúa á hreppavegum, ætti að notast. Það sjezt enn fremur af útskriftinni, að nefndin hefur leyft, að verja mætti sýsluvegasjóðsgjaldinu úr Jökulsdalshreppi til þess að koma drætti á Jökulsá, og óskaði amtsráðið að fá upplýsingar um, hvar sá dráttur skyldi vera, eða hvort hann yrði talinn tilheyra sýsluvegi eða hreppavegi, sbr. 16. gr. laga 10. nóvbr. 1877, um vegi.

Þar sem sýslunefndin hefur samþykkt enn fremur á fundi sínum 24. apríl, að hver hreppur megi vinna upp sitt sýsluvegagjald í sínum hreppi og eigi gefið aðra fyrirsögn um þessar vegagjörðir, en að hafa malar íburð á brýrnar, vildi amtsráðið leiða athygli sýslunefndarinnar að því, að æskilegt væri, að sýslunefndarmaðurinn í hverjum hreppi hefði einnig eptirlit með vegabótum á sýsluvegum, og nauðsyn sje á því, að vegurinn hafi lögskipaða breidd, sem sje 5 álnir, sbr. þó lög 7. febr. 1890, um viðauka við lög um vegi, en þessa hefur eigi verið gætt á árinu 1891 eptir því, sem fylgiskjöl við sýsluvegasjóðsreikninginn fyrir það ár til segja.

- c. Frá Suður-Múlasýslu fundargjörðir frá 1. júlí og 16. septbr. f. á., 11. apríl og 5. júní þ. á.

Sýslumaðurinn hefir í brjefi, dags. 17. apríl þ. á., samkvæmt ályktun sýslunefndarinnar leitað samþykkis amtsráðsins til þess, að jafna mætti niður 1790 kr. 20 a. eða 23 a. á hvert hudrað, sem fer langt fram úr því, sem mátti jafna niður, sem sje 878 kr. 25 a. Amtsráðið leyfði þetta, þar sem það var ljóst, að eigi yrði hjá þessu komist, sjer í lagi vegna skuldar sýslusjóðsins til Eiddaskólans.

30. Framlagðir voru til rannsóknar og úrskurðaðir eptirnefndir sýslusjóðsreikningar fyrir 1892, sem forseti ráðsins hafði áður yfirfarið.

- a. Við reikninginn úr Norður-Pingeyjarsýslu fannst ekkert að athuga, og var hann því samþykktur.
- b. Reikningur úr Norður-Múlasýslu var ekki kominn og heldur eigi hafði sýslumaðurinn fullnægt úrskurði amtsráðsins á reikningnum 1891 um útvegum 4 fylgiskjala. Amtsráðið lýsti yfir óánægju sinni yfir þessum vitaverða drætti, og brýndi alvarlega fyrir oddvita nefndarinnar, að hafa sýslusjóðsreikninginn til á lögskipuðum tíma eptirleidis, og fullnægja úrskurðum amtsráðsins innan þess frests, sem honum hafði verið settur. Amtsráðið fól forseta að úrskurða reikninginn þegar hann kæmi, væntanlega bráðlega.
- c. Forseti skýrði frá, að fullnægt væri úrskurðum amtsráðsins á sýslusjóðsreikningi Suður-Múlasýslu 1891.

Að því leyti, er snertir úrskurð um ferðakostnað sýslunefndarmannsins úr Geithellnahreppi, sem býr í Papey, 54 kr., fyrir mót á 2 sýslunefndarfundum, hafði sýslunefndin á fundi sínum 16. septbr. f. á. úrskurðað,

100

að það mætti við svobúið standa í þetta skipti, en framvegis yrðu ekki slíkir reikningar samþykktir nema með því móti, að hlutaðeigandi sýndi fram á, hvernig á teppudögunum stæði, en óheppilegt væri, að sýslunefndarmaður ætti heima í Papey, þar opt gæti komið fyrir, að ófært væri milli lands og eyar svo mánuðum skipti. Amtsráðið fjellst á þessa ályktun sýslunefndarinnar, og var sýslusjóðsreikningurinn fyrir 1891 þannig samþykktur.

Reikningshaldari hafði ekki fullnægt úrskurði amtsráðsins á reikninginn 1890, að færa til inntektar í næsta reikningi (fyrir 1891) 1 eyrir, sem var vantalið sýsluvegasjóðsgjald úr Berunesshreppi, og hafði amtsráðið endurtekið þenna úrskurð sinn á fundi sínum 4.—6. júlí f. á. Ráðið lagði því reikninghaldara fyrir, að fullnægja úrskurðinum í reikningnum fyrir 1893.

Við sýslusjóðsreikninginn 1892 hafði endurskoðandi sýslunefndarinnar gjört þær athugasemdir, sem ritaðar eru á reikninginn, og hafði reikningshaldari þegar sent þau fylgiskjöl og látið undirskrifa þau fylgiskjöl, sem athugasemdirnar áttu við.

Að því leyti, er snertir þá athugasemd endurskoðanda, að sýslunefndin hafi borgað 50 kr. fyrir fundarhald á Búðareyri, sem stóð yfir í 4 daga og 20 kr. fyrir fundarhald 1 dag á Egilsstöðum, þá ályktaði amtsráðið, að við svo búið mætti standa.

Athugasemd endurskoðanda um, hvernig tilfæra eigi eign til næsta árs, sem sje á þessa leið:

Eign: plógur frá Páli Eyjólfssyni	kr. 50,00
í sjóði hjá reikningshaldara	— 554,47
alls:	kr. 604,47

ber reikningshaldara að taka til greina í næsta reikningi.

Reikningurinn var þannig samþykktur. (Frh.).

101

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar 1892.

Tekjur.

1. Í sjóði 1. jan. 1892:
Innritunarskirteini A. fol. 91 Kr. 1600,00
2. Vextir frá $11/6$ '91— $11/6$ '92 — 56,00

Kr. 1656,00

Gjöld.

1. Styrkur veittur Frimanni Ágústssyni á Ljótsstöðum Kr. 56,00
2. Í sjóði við árslok:
Innritunarskirteini A. fol. 91 — 1600,00

Kr. 1656,00

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri 30. jan. 1893.

Í fjarveru amtmanns J. Havsteen

Kl. Jónsson,
settur.

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Austuramtinu 22.—23. ágúst 1893. (Framh.).

31. Framlagðir voru til rannsóknar og úrskurðaðir eptirnefndir sýsluvegasjóðs-reikningar fyrir 1892, sem forseti ráðsins hafði áður yfirtarið:

a. Við reikninginn úr Norður-Píngeyjarsýslu fann amtsráðið að athuga:

1. Fylgiskjöldin við aðalskilagreinina um sýsluvegagjaldið, vantar, sem sje skrár yfir verkfæra karlmenn í hverjum hreppi, og skyldi senda þau forseta innan 3 mánaða.
2. Hreina kvittun fyrir afborgun og vaxtagreiðslu af Skjálfandafjöts-brúarláninu ber að senda forseta.
3. Fylgiskjal 6, sem er kvittun fyrir 35 kr., sem gengu til þess að kaupa trjávið í brú á Klapparós, ber að sundurliða, svo sjáist hvað hver viður hafi verið keyptur.
4. Það þarf að útlista nákvæmar í hverju vegagjörðin á Reykjaheiði hafi verið fólgin; fylgiskjalið upp á 52 kr. er eigi nógu fullkomið, þar sem eigi sjezt, hve langan tíma hver verkmaður hafi unnið, og svo kemur það ekki heim við fylgiskjal 9, sem er kvittun fyrir 50 kr., og er það sú upphæð, sem tilfærð er í reikningnum.

Fylgiskjal 8, sem er vottorð um, að vegagjörðin sje vel af hendi leyst, sýnir eigi, hve langur og breiður hinn lagði vegur sje; þetta ber að senda forseta upplýsingu um.

5. Fylgiskjal 10 um vegagjörð frá Svalbarði að Kollavík sýnir alls ekki, í hverju vegagjörðin hafi verið fólgin, og ber að senda forseta skýrslu um það.
6. Fylgiskjal 11 um bygging brautar milli Syðralóns og Sauðaness á að sýna lengd og breidd brautarinnar.

Reikningshaldara ber að fullnægja þessum úrskurðum innan 2 mánaða.

b. Forseti skýrði frá, að sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu hefði ekki enn þá fullnægt úrskurðum þeim, sem forseti samkvæmt umboði amtsráðsins hefði lagt á sýsluvegareikninginn fyrir 1891, sem loksins kom til amtsins 17. nóvbr. f. á.

Sýsluvegasjóðsreikningurinn fyrir 1892 var ókominn.

Amtsráðið ályktaði hið sama um þessi atriði, sem um sýslusjóðsreikninginn og úrskurð amtsráðsins á reikningnum 1891, og fól forseta, að úrskurða reikninginn fyrir 1892, þegar hann kæmi.

c. Við reikninginn úr Suður-Múlasýslu hafði endurskoðandi sýslunefndarinnar athugað, að sýsluvegagjaldið úr Norfjarðarhreppi mundi vantalið um 1 eyrir, sem sje talið 127 kr. 92 aurar, en væri 127 kr. 92½ eyrir; þar sem eigi munaði meiru, úrskurðaði amtsráðið að við svo búið mætti standa og samþykkti reikninginn, sem ekkert fannst að athuga við, og 16. dag desembermán. 1893.

100 var útbúinn þeim fylgiskjölum og úttektargjörðum, sem velsömdum sýsluvegareikningi ber að fylgja.

32. Amtsráðið ályktaði, að borga sem fundarhússleigu 30 kr. og fyrir skriptir á fundi sínum 6 kr.

Fleiri mál komu eigi til umræðu.

J. Havsteen.

Sigurður Einarsson.

Jakob Gunnlögsson.

Akureyri, 5. septbr. 1893.

J. Havsteen.

102 **Amtsráðið í austuramtinu gjörir kunnugt:** Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda er hjermed staðfest og löggilt eptirfylgjandi

Reglugjörð

um fjallskil og refaveiðar í Norður-Múlasýslu, sem er samin af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðiu öðlast gildi 1. janúar 1894.

I. Um notkun afrjetta.

1. gr. Norður-Múlasýsla er eitt fjallskilafjelag. Hver hreppur er deild fyrir sig. Sýslunefndin hefur yfirstjórn alla fjallskila sýslunnar, en hreppsnefnd framkvæmd þeirra í hverjum hreppi.

2. gr. Það skal heita afrjettarland, er búsmala er eigi haldið í á sumrum. Skal í hverri sveit aðgreina afrjettarlönd og heimalönd, og ákveða takmörk á milli. Til þess skulu bændur kjósa 3 kunnuga hreppsmenn. Skulu þau takmörk gilda, er þeir ákveða. Rjett er að kjósa til þessa 3 menn í tveimur eða fleirum stöðum í víðlendum hreppum. Ef $\frac{2}{3}$ hlutadeigandi búanda sveitarinnar eru óánægðir yfir úrskurði þessara þriggja manna, mega þeir skjóta máli sínu til hreppsnefndarinnar. Vilji hreppsnefndin enga breytingu gjöra, hafa þeir rjett til að skjóta því til sýslunefndarinnar, og skal úrskurður hennar vera fullnaðarúrskurður.

3. gr. Hver búandi er skyldur að reka geldfje sitt og lömb og þeirra, er hjá honum eiga fje, á einhverja sveitarafrijet, ef til er, ellegar í afrijet annara sveita, þar er hann getur fengið leyfi til. Sekt varðar, ef hann sleppir geldfje sínu eða lömbum í heimalandi í óleyfi nágranna sinna.

4. gr. Nú getur fjáreigandi hvergi fengið afrijet, sem hann getur rek-
ið fje sitt á, þá skal hann segja til hreppsnefnd og skora á hana, að útvega sjer afrijet. Skyldur er búandi að reka í afrijet, sem fæst, þó að meira sje en þingmannaleið til hennar, allt að $1\frac{1}{2}$ þingmannaleið.

5. gr. Í hverri sveit skulu kosnir 3 menn, til að meta, hvað reka megi í afrijetarland hverrar jarðar í sveitinni. Skal hreppsnefndin sjá um, að þeir sjeu kosnir. Skulu þeir senda hreppsnefndinni skriflegan úrskurð sinn, og auglýsir hún hann afrijetarbændum. Varðar það sekt, ef þeir taka fleira í land sitt, en ákveðið er. Hagatollur skal vera 4 aurar fyrir hverja kind. Sje